



Til sveitarfélaga

Dagsetning **10. janúar 2024**
Málsnúmer URN24010080

Úttekt á starfsemi og framtíðarfyrirkomulagi náttúrustofa

Samningar umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis við sveitarfélög um rekstur náttúrustofa runnu út um síðustu áramót. Að mati ráðuneytisins er mikilvægt að staldra við og meta árangur af þeim samningum. Lagt er til að samningar verði framlengdir til eins árs eða til ársloka 2024 og mun ráðuneytið senda viðkomandi sveitarfélögum viðauka til rafrænnar undirritunar á allra næstu dögum.

Ráðuneytið hefur verið í viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga um framtíð náttúrustofa og eru bæði ráðuneytið og sambandið sammála um að vinna saman að endurskoðun á stjórnskipulagi náttúrustofa. Gert er ráð fyrir að í byrjun árs 2024 verði boðað til funda með þeim sveitarfélögum sem standa að rekstri náttúrustofa til að hefja samtal um áherslur og framtíðarsýn hvað varðar samvinnu ríkis og sveitarfélaga í starfsemi náttúrustofa. Stefán Guðmundsson, ráðuneytisstjóri í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Steinar Kaldal, teymisstjóri náttúruverndar- og menningarminjateymis í ráðuneytinu og Eydís L. Finnbogadóttir, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands munu sitja fundina. Jafnframt er gert ráð fyrir þátttöku framkvæmdastjóra viðkomandi náttúrustofu á fundunum.

Gert er ráð fyrir að í kjölfarið verði settur á fót starfshópur sem mun hafa það hlutverk að:

1. Meta árangur af núverandi starfsemi náttúrustofa.
2. Greina og kortleggja núverandi stöðu náttúrustofa, s.s. varðandi verkefni, samstarf, rekstur, fjármál, mannauðsmál og húsnæðismál.
3. Kortleggja þær áskoranir sem náttúrustofurnar standa frammi fyrir.
4. Skoða mismunandi sviðsmyndir um rekstarform náttúrustofanna þ.á.m. sameiningu við Náttúrufræðistofnun Íslands.
5. Greina áhættuþætti við framkvæmd á hverri sviðsmynd.

Í starfshópnum munu sitja fulltrúar frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, náttúrustofum og Náttúrufræðistofnun Íslands. Steinar Kaldal mun leiða vinnuna fyrir hönd ráðuneytisins.

Stefán Guðmundsson, ráðuneytisstjóri

Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri